# Leikskólinn Holt

## 2019 – 2020



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Virðing - Umhyggja - Samvinna ... 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ... 3

2 Innra mat, Berg ... 4

3 Innra mat, Litla-Fell ... 5

4 Innra mat, Stóra-Fell ... 6

5 Innra mat, Sel ... 7

6 Innra mat, Bakki ... 8

7 Innra mat, Hóll ... 9

8 Ytra mat ... 10

9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ... 11

10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 12

11 Foreldrasamvinna ... 12

12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 13

13 Fylgigögn ... 14

13.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning ... 14

13.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ... 14

13.3 Fylgiskjal 3 – Okkar mál – markmið ... 14

13.4 Fylgiskjal 4 – Samstarfsáætlun ... 14

13.5 Fylgiskjal 5 – Leikskóladagatal 2019-2020 ... 14

13.6 Fylgiskjal 6 - Umsögn foreldraráðs ... 14

**Leiðarljós leikskólans: Virðing - Umhyggja - Samvinna**

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2018-2019 var mjög fjölbreyttur og skemmtilegur en einnig erfiður vegna veikinda, starfsmannabreytinga og erfiðleika við að fá inn fagmenntað fólk. Það hófst nú þó með vorinu og fengum við m.a. tvo verkefnastjóra. Verkefnastjóra í sérkennslu og verkefnastjóra í málörvun.

Minnistæðast er auðvitað námsferð starfsmanna til Brighton sl. vor. Mjög vel heppnuð ferð í alla staði og mikil lyftistöng fyrir starfsandann í hópnum eftir frekar erfiðan vetur. Við skoðuðum Reflections Nursery school í Worthing og Lucy´s little forest school í Wilderness Wood, austur Sussex. Afskaplega fróðlegur og skemmtilegur skóli, einkarekinn sem kennir sig við Reggio Emilia. Útisvæðið þeirra alveg einstakt og stutt niður á strönd sem þau nýta sér óspart. Og Forest school var frábært hópefli fyrir starfsmannahópinn. Byggja hús úr efnivið í skóginum, fá hugmyndir um náttúrulegan og einfaldan efnivið í útiveru, skoða skordýr, hugleiða og læra að kveikja eld.

Afskaplega ánægjulegt var að klára loksins námskrá fyrir leikskólann Holt. Einstaklega skemmtileg, vel unnin og mjög margir starfsmenn hafa átt aðkomu að henni sl. 5 ár eða svo. Þetta er búið að vera löng fæðing ... en niðurstaðan glæsileg og vel þess virði að bíða eftir.

Eftir þó nokkurn umhugsunartíma ákváðum við að fara með eldhúsið í útvistun og nú sér Matartíminn um allan mat fyrir leikskólann. Eftir vel heppnaða fyrstu mánuði í þessu verkefni, ákváðum við að setja þvottinn líka í útvistun og það gengur ljómandi.

Við erum alltaf að fá nokkra starfsmannahópa frá öllum landshornum og jafnvel erlenda að skoða hjá okkur leikskólann, sem er mjög jákvætt. Fögnum því.
Við fengum leikskólakennara nema í starfsnám frá Käthe-Kollwitz Schule í Þýskalandi í tengslum við Erasmus-plus. Hún var hjá okkur í október og nóvember sl. sem nemi á deild með elstu börnunum. Svo vorum við með met þátttöku á nemum úr grunnskólanum í starfsnámi hjá okkur líka. En það voru 4 nemar frá Fellaskóla og einn frá Tjarnarskóla. Mjög ánægjulegt að taka á móti þessu flotta unga fólki. Vonandi tilvonandi leikskólakennarar.

Garðurinn í Litla-Holti fékk smá yfirhalningu með tilliti til yngstu barnanna, sem var mjög ánægjulegt. Sérstaklega þar sem viðhald hefur verið sama og ekkert. Einnig var settur hiti í stéttina svo foreldrar geti gengið nokkuð öruggir í gegnum garðinn til að sækja börnin sín.

Við fengum ekki styrk úr B-hluta vegna innleiðingu Menntastefnunnar og því er verkefnið í Okkar mál með talmeinafræðingunum í uppnámi fyrir næsta vetur. En við höfum gert gríðarlega góða hluti í mjög erfiðum aðstæðum. En við fengum styrk úr A-hlutanum og þar ætlum við að einbeita okkur að félagsfærni barnanna og taka inn vináttuverkefnið með bangsann Blæ.
Annað spennandi og skemmtilegt verkefni tengt Okkar mál, er í samvinnu við Stoðþjónustu Velferðarsviðs. TOM verkefnið er annað málörvunar tengt verkefni, þar sem talmeinafræðingar fara inn á heimili barna og foreldrum veittur stuðningur í málörvun barna sinna inn á heimilinu.

## 2 Innra mat, Berg

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Vinastund | Hafa vinastund einu sinni í viku. Deildar skiptast á að hafa umsjón | Skóla ár 2019-2020 | Deildastjórar, starfsfólk deilda | Vor 2020 | Að það verði farið í vinastund í hverri viku. |
| | Umsjónarmaður | Fara í umsjónarman n á hverjum degi. | Skólaár 2019-2020 | Deildastjóri, starfsfólk deildar | Vor 2020 | Að börnin læri dagana, viti í hvaða föt þau eigi að fara í út. Læri að leggja á borð. |
| | Könnunar leikur | Skipta börnunum í hópa og allir fara í könnunarleik. | Skólaár 2019-2020 | Deildastjóri, starfsfólk deildar | Vor 2020 | Að öll börn fái að komast í könnunarleik í hverri viku. |

**<u>Stutt greinagerð deildarstjóra á Bergi um starfið</u>**

Á deildinni eru 14 börn og 4 starfsmenn. Aðlögun var skipt i tvo hópa. Notast var við þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnunum í þrjá daga. Það gekk vel.
Alla dagana vorum við að fara i hópastarf (hópstjóri planar fyrir sín hóp) og eftir það var útivera.
Við erum að kenna krökkunum stafina og notum við til dæmis Lærum og leikum með hljóðin.
Í leikskólanum vörum við að bjóða foreldrar í morgunkaffi, jólakaffi, sumarhátíð.
Það voru líka öðruvísi dagar t.d. boltadagur, náttfata dagur, bangsadagur, blár dagur, mismunandi sokkar.
Við fórum i nokkrar ferðir – bókasafn, sögustund, Árbæjarsafn, Húsdýragarðinn.

## 3 Innra mat, Litla-Fell

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Gönguferðir | Fara með börnin oftar út úr garðinum. Nýta umhverfið í kring, fara í garðinn í Stóra Holti | Skólaárið 2019-2020. | Allir starfsmenn deildarinnar. | Desember 2019 og svo aftur vorið 2020. | Æfa börnin að ganga í hóp. Leyfa þeim að skipta um umhverfi. Gönguferð minnsta kosti einu sinni í mánuði. |
| | Umsjónarmaður | Förum yfir hvaða dagur er og í hvað á að klæða sig | Skólaárið 2019-2020. | Allir starfsmenn deildarinnar. Deildarstjóri sér um að koma þessu af stað. | Vorið 2020. | Að börnin fái tækifæri til þess að læra að leggja á borð og segi börnunum hvað sé í matinn (þjálfar þau í að tala fyrir framan hóp). |
| | Stjarna vikunnar | Festa í sessi og hafa vikulega Stjörnu vikunnar | Skólaárið 2019-2020. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar. | Vorið 2020. | Að börnin fái að njóta sín sem stjarna vikunnar. Að allir hafi gaman af |
| | Könnunarleikur | Ætlum að fá að nýta aðra deild undir könnunarleikinn. | Skólaárið 2019-2020. | Deildarstjórar á þessum deildum ræða skiptingu á rýminu. Aðrir starfsmenn sjá líka um að það verði farið í könnunarleikinn. | Desember 2019. Sjá hvernig gengur að fá að nýta annað rými. | Að öll börnin á deildinni fái að fara í könnunarleikinn í hverri viku. |

**<u>Stutt greinargerð deildarstjóra á Litla-Felli um starfið</u>**

Við erum að vinna með þátttökuaðlögun og þar eru foreldrar með börnunum sínum í þrjá daga. Sum börn hafa þurft að fá aðeins lengri aðlögunartíma en þessir þrír dagar hafa yfirleitt verið nóg fyrir þau. Í heildina litið gekk aðlögunin mjög vel.
Samstarf við foreldra hefur gengið vel.
Samstarfið starfsmanna á deildinni hefur gengið vel.

Börnin eru mjög glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
Allir viðburðir sem að foreldrum hefur verið boðið á hefur verið mjög vel mætt á og almenn gleði með það.
Allt tengt jólunum gekk mjög vel, gjafirnar, föndrið, baksturinn.
Málörvun hefur gengið vel, sjáum mikinn mun á börnunum.
Starfsmannahópurinn var duglegur að hittast og gera eitthvað utan vinnu.
Skipulagður viðburður einu sinni í mánuði.
Vinastundin tókst vel, hittumst einu sinni í viku og syngjum saman. Rúllum á milli deilda í hverri viku til að syngja.
Könnunarleikurinn komst ekki á almennilegt skrið en stefnum á að prófa það aftur á næsta skólaár

# 4 Innra mat, Stóra-Fell

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Stjarna vikunnar | Festa í sessi og hafa vikulega Stjörnu vikunnar | 2019-2020 | Deildarstjóri, starfs. á deildinni | Vor 2020 | Auka áhugi barna á leikskóla. Betri tengingu við foreldra |
| | Gönguferðir | Fleiri gönguferðir. Skoða náttúruna, | 2019-2020 | Deildarstjóri, starfs. á deildinni | Vor 2020 | Að æfa börnin að ganga í hóp. Njóta náttúrunnar. |
| | Bóbó bangsi | Halda áfram með ferðabangsann | 2019-2020 | Deildarstjóri, starfs. á deildinni | Vor 2020 | Auka áhugi barna á leikskóla |
| | | | | | | |
| | Sjálfsefling | Tala fyrir framan hóp Efla sjálfsmynd | 2019-2020 | Deildarstjóri, starfs. á deildinni | Vor 2020 | Kenna börnum að tala meira um sjálfa sig, um foreldra. |

<u>**Stutt greinargerð deildarstjóra á Stóra-Felli um starfið**</u>

Það eru þrír starfsmenn á deildinni og 15 börn. ( Börnin eru 2-3 ára ). Alla daga erum við að kenna börnunum eitthvað nýtt m.a. hvernig þau eiga að klæða sig, borðsiði, samskipti þeirra á milli o.m.fl. Á hverjum degi hafa starfsmenn 30 mín í kennslu og þjálfun, krökkunum er skipt í þrjá fimm manna hópa til að hvert og eitt barn fái sem mesta athygli á þessum tíma. Þau læra bók -og tölustafi, teikna, mála, föndur o.m.fl.
Nokkru sinnum á ári erum við með foreldrakaffi og eins föndurtíma þar sem foreldrum er boðið.

Á morgnana þegar börnin mæta þá þurfa þau að finna nafnið sitt, en hvert nafn er skrifað á sinn miða, setja það í póstkassa (eins og þau séu að stimpla sig inn) og áður en þau fara í lok dags þurfa þau aftur að finna nafnið sitt og setja það í annan kassa. Þetta hefur hjálpað þeim að þekkja sín eigin nöfn á blaði.
Í tvær vikur í senn allt árið erum við með sérstakar þemavikur sem hjálpar börnunum að læra þau viðfangsefni sem við tökum fyrir hverju sinni. Á þessum tveimur vikum leggjum við inn einn nýjan bókstaf hverju sinni með tilheyrandi æfingum. ( ,,Okkar mál,,)
,,Lærum og leikum,,. Við vinnum með þessum APP á hverjum degi í vinastund ( 15- 20 mín)
Ævintýri. Við lesum mismunandi sögur. Og gerum verkefni fyrir þessar sögur, svörum spurningum.
Stærðfræði. Við notum ýmis einföld verkefni.
Talmeinafræðingaverkefnið gekk mjög vel. Krakkarnir eru mjög ánægðir með það og við sjáum mikla breytingu á börnunum.
Umsjónarmaður. Vera með umsjónarmann á hverjum degi, krakkar læri dagana , í hvað á að klæða sig. Læri að leggja á borð og segi börnunum hvað er matinn.
Hreyfing. Börnin eru mjög glöð.

# 5 Innra mat, Sel

| Umbótaþættir Sel deild | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?**<br><br>Íslenskukennsla | Efla almenna íslensku-kunnáttu svo börnin nái betri færni í íslensku. Efla orðaforða og málskilning. | Markviss kennsla í litlum hópum og í gegnum daglegt starf á deildinni. | Sept 2019 Júní 2020 | Deildarstjóri og verkefnastjóri.<br><br>Framkvæmd sjá starfsmenn á Seli um. | EFI -2 Mál-þroska-skimun. Bein kennsla, könnun á orðaforða og málskilning. | Viðmið að börnin nái meiri færni í almennri íslenskukunnáttu. |
| **Bókasafn** | Fara oftar í sögustund í Bókasafnið í Gerðubergi. | Fara einu sinni í mánuði í sögustund. | Okt 2019-Maí 2020 | Deildarstjóri og starfsmenn á Seli. | Skrá hvernig hver stund gengur og taka ljósmyndir. | Að börnin læri að fara á bókasafnið og hvað hægt er að gera þar t.d. hlusta á sögur, skoða bækur o.fl. |
| **Gönguferðir** | Fara oftar í gönguferðir eða vettvangsferðir út fyrir leikskólann. | Fara tvisvar í mánuði í einhverja ferð. | Sept 2019-Júní 2020 | Deildarstjóri og starfsmenn á Seli. | Skrá niður hvernig hver ferð gekk, taka ljósmyndir, | Að börnin læri að fara saman í ferðir og |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | spyrja börnin hvernig þeim fannst í ferðinni. | skoða aðra staði. |

**Stutt greinagerð deildarstjóra á Seli um starfið**

Á Seli starfa þrír starfsmenn. Flest börnin á deildinni eru af erlendum uppruna. Fimm börn eru íslensk, önnur börn koma frá sex öðrum þjóðernum.
Helstu markmið í skólaþróun var að halda áfram að efla íslenskukennslu barna í leikskólanum.
Í vetur héldum við áfram samstarfi við talmeinafræðinga sem starfa með okkur hér í skólanum í tengslum við Okkar Mál. Unnum við áfram með þeim í því að efla íslenskukennslu á deildinni.

# 6 Innra mat, Bakki

| Umbótaþættir<br><br>Bakki | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hvað þarf að bæta?<br>Málrækt<br>félagsfærni<br>tilfinningar | Að halda áfram með málræktar-verkefnið sem við höfum verið að vinna með. Halda áfram að efla börnin í félagsfærni. Fara í vinnu með tilfinningar með börnunum. | Málræktar-hópar dagl. Hjálpa þeim að æfa samskipta-reglur | Haust 2019<br>Desember 2019 | Starfsfólk deildarinnar undir handleiðslu deildarstjóra Allir bera ábyrgð. | Vor 2020<br>Á deildar-fundum þar sem við berum saman bækur okkar. | Hafa samskipti á deildinni batnað. Bæði börn og starfsfólk ræða reglulega saman um samskipti. |
| | | Kenna þeim um tilfinningar og að nota tilfinninga spjaldið okkar. | | | | |

# 7 Innra mat, Hóll

| Umbótaþættir Hóll | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?**<br>Halda áfram með málræktarkennslu<br><br>**kenna tilfinningar og félagsleg samskipti milli barna á Hóli**<br>**Réttindi barna**<br>Barnasáttmáli SÞ<br><br>**Safna í möppu verkum barna og meta** | Börn komi betur undirbúin í grunnskólann<br><br>Börn geti skilgreint tilfinningar sínar og líðan<br>börn læri að tala saman og tjá skoðanir sínar<br><br>Börn þekki réttindi sín | Í gegnum leik, saman með hópnum<br>Samræður<br>Skipulögðum stundum<br><br>Halda eftir verkum barna, nota Book Creator | Ágúst 2019-júli 2020 | Deildarstjóri og starfsmenn á Hóli<br><br>Deildastjóri og starfsmenn á Hóli | Halda eftir verkum barna, nota Book Creator um hvert barn.<br>Deildarfundir reglulega með starfsmönnum þar sem börnin eru rædd.<br>Leyfa börnum að meta sjálf starf og verk sem þau gera.<br>Hafa fund með börnum um samskipti á deildinni 1x í mánuði, þarf að bæta eða eru sam-skiptin góð | Börnin séu hamingjusöm og glaðir einstaklingar sem þekki sjálfa sig og réttindi sín, geti viðrar og tjáð tilfinningar sínar. |
| | | | | | | |

# 8 Ytra mat

| Umbótaþættir Ytra mat | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| **Að tala meira við börnin í öllum daglegum athöfnum** | Að starfsfólk temji sér að tala meira við öll börn, setja orð á allar athafnir, allan daginn | Allir æfa sig og aðstoða hvert annað | Haust 2019 | Allt starfsfólk leikskólans | Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn | Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn |
| **Halda áfram að festa í sessi Okkar mál verkefnið frá talmeinafræðingum** | Að halda áfram að vinna með efni í málörvun og að starfsmenn verði öruggari í sinni vinnu | Allir æfa sig og aðstoða hvert annað | Vetur 2019-2020 | Allt starfsfólk leikskólans | Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn | Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn |
| | | | | | | |
| **Auka félagsfærni barnanna - Blær vináttuverkefni** | Að festa í sessi vinnu með Blæ og vináttuna | Samvinna og aðstoða hvert annað | Vetur 2019-2020 | Allt starfsfólk leikskólans | Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn | Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn |
| **Foreldramorgnar í bókasafninu** | Hafa mánaðarlega uppákomu | Leikskólarnir 3 skiptast á að taka að sér | Vetur 2019-2020 | Leikskólastjórar Holt-Ösp-Hólaborg | Funda reglulega yfir veturinn og skoða aðsókn | Sjá aðsókn eftir veturinn |
| **TOM verkefnið með ÞMB og VEL** | Halda áfram og þróa það í samvinnu við ÞMB og VEL | Kynna betur fyrir starfsfólki og foreldrum | Vetur 2019-2020 | Leikskólastjórar í Holt og Ösp Stuðningsþjónustan í ÞMB-VEL | Vor 2020 Funda reglulega yfir veturinn | Ánægðir og sterkir foreldrar og betri málörvun fyrir börnin |
| **Sérfræðikápan leiklistaverkefni Okkar mál** | Halda áfram að vinna með þessa aðferð með elstu börnunum | Starfsmenn æfa sig og aðstoða hvert annað | Vetur 2019-2020 | Leikskólastjóri, verkefnastjóri og deildarstjóri elstu barna | Vor 2020 Funda reglulega yfir veturinn | Að starfsfólk geti nýtt sér aðferðina og yfirfært á annað |

# 9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

•**Starfsþróunarsamtöl** fóru fram í byrjun maí sl. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tók þau saman, skiptu hópnum á milli sín.
•**Fræðsla** 2018-2019 var margs konar og hér eru dæmi :
Hópefli á starfsdag – allir starfsmenn
Fræðsla vegna leiklistarverkefnis Okkar mál, Sérfræðikápan – allir starfsmenn
Fræðsla vegna leiklistarverkefnis Okkar mál, Sérfræðikápan – starfsmenn elstu deildar
Námskeiðsdagur leikskólastjóra - leikskólastjóri
MasterMind fundir – leikskólastjóri
Trúnaðarmannanámskeið Eflingar – trúnaðarmaður starfsmanna í Eflingu
Ráðstefna, Efling – trúnaðarmaður starfsmanna Eflingar
FSL ráðstefna – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Kynning á nýrri menntastefnu – leikskólastjóri
Málörvun barna, fræðsla frá ÞMB – allir starfsmenn
Málörvun - talmeinafræðingar með fræðslu. Okkar mál verkefnið – allir starfsmenn
Fræðsla vegna málörvunar-skipulag og framkvæmd, talmeinafræðingar – allir starfsmenn
Menntastefna og vinnustofa – leikskólastjóri
Tónskólinn, Barnamenningarhátíð – starfsmenn á elstu deild
Vala námskeið – stjórnendur
Læsis ráðstefna MMS og MSHA á Akureyri, ráðstefna og kynning á Okkar mál talmeinafræði verkefninu – stjórnendur
Innra mat, fræðsla frá SFS – stjórnendur
Íslensku þorpið, fræðsla fyrir starfsmenn af erlendum uppruna – 4 starfsmenn
Gleði og jákvæðni, Edda Björgvins - allir starfsmenn
K-PALS fræðsla – starfsmenn elstu deildar
Stjórnendadagur Reykjavíkur – stjórnendur
Forvarnir í Breiðholti – leikskólastjóri
UTD, fræðsla um nýtt tölvukerfi – allir starfsmenn
Áhættumat, fræðsla frá SFS – leikskóalstjóri
Fræðsla um einhverfu barna, ÞMB – allir starfsmenn
Forystunám – leikskóalstjóri
PECS námskeið – 2 starfsmenn í sérkennslu
Vinna með námssviðin vegna námskrár – allir starfsmenn
Vinnsluskrá persónuverndar – leikskóalstjóri
Innleiðing Menntastefnu – stjórnendur
Námsferð til Brighton – flestir starfsmenn
Skoða aðra leikskóla – starfsmenn sem fóru ekki í námsferð

# 10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Nemendur úr 9. og 10.bekk Fellaskóla hafa verið að koma í starfsnám í leikskólann Holt (og áður í Völvuborgina) í mörg ár. En nú í vetur slógum við met í aðsókn þegar 5 nemendur komu frá Fellaskóla úr 9 bekk. Frábærar stelpur sem sýndu mikinn áhuga og hver veit nema þar leynast framtíðar leikskólakennarar.
  Einnig kom einn nemandi úr 8.bekk í Tjarnarskóla til okkar í starfsnám í vetur. En hún er fyrrverandi nemandi frá okkur og fékk að vera á „gömlu“ deildinni sinni, hjá deildarstjóranum sínum.
  Það er alltaf jafn ánægjulegt að fá að taka á móti þessum frábæru krökkum og svo verður áfram.
- Elstu börnin í Holti og Ösp fara vikulega saman í íþróttasalinn í Fellaskóla undir leiðsögn íþróttakennara frá ÍR. Starfsmenn aðstoða í þessum stundum.
- Okkar mál – talmeinafræðingar - markmið, fylgiskjal 3
- Samstarfsáætlun, fylgiskjal 4

# 11 Foreldrasamvinna

- <u>Foreldraráð</u> ; 3 foreldrar eru í ráðinu, kosið var á haustfundi foreldra og hefur verið 1 fundur á hvorri önn.
- <u>Foreldrafélag</u> ; 6 foreldrar eru í foreldrafélaginu núna og hafa fundir verið fáir yfir veturinn, samskipti hafa meira farið fram með rafrænum hætti, s.s. í tölvupósti eða á Facebook síðu hópsins.
- <u>Foreldrafundir</u> ; haustfundir foreldra voru í byrjun október. Fundunum var skipt eftir húsum og voru fyrir hádegi. Mjög góð mæting var á fundina
- <u>Foreldraviðtöl</u> ; Fyrsta viðtal, þegar barnið byrjar í leikskólanum, er við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og svo viðkomandi deildarstjóra í aðlögun. Árleg viðtöl eru á vorönn, við viðkomandi deildarstjóra. Kveðjuviðtal er svo þegar börnin hætta og fara í grunnskólann við viðkomandi deildarstjóra. Einnig geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali eftir þörfum, sem og leikskólinn við foreldrana.
- <u>Þátttökuaðlögun</u> byggir á nánu foreldrasamstarfi og er orðið fast í sessi hjá okkur. Öryggi og ánægja starfsmanna og foreldra eykst með hverju ári. Þetta er aðferð sem er komin til að vera. Við endurmetum aðferðina í starfsmannahópnum á hverju hausti og bætum það sem betur má fara. Í vetur höfum við verið að skoða á hvaða vikudegi er best að byrja þátttökuaðlögun. Bókin mín er dæmi um góða viðbót á þessari samvinnu.
- <u>Foreldramorgnar</u> er tilraunaverkefni í tengslum við verkefnið Blíð byrjun. En einu sinni í viku er foreldrum boðið að koma í kaffi, spjall og samveru. Einn kennari frá leikskóla er á staðnum og félagsráðgjafi frá ÞMB. Samtarfsverkefni Aspar, Holts, Hólaborgar, ÞMB og Borgarbókasafns. Aðsóknin hefur ekki verið að aukast svo nú stöndum við á krossgötum með næstu skref. Við fengum styrk í tengslum við þessa morgna og buðum upp á fjölbreytta

fræðslu fyrir foreldra. En það virðist ekki hafa skilað sér, eða aukin auglýsing. Svo það er spurning um að breyta þessu eitthvað. Það verður ákveðið á fundi nú í haust.

- Facebook síða leikskólans gengur mjög vel og þar erum við sérstaklega að ná vel til erlendu foreldranna okkar. Hver deild er komin með sér hóp þar inni og einnig foreldrafélagið. Ákveðið var að hafa einungis jákvæðar fréttir þarna inni. Mikil upplýsingagjöf fer þar fram. Náum strax til foreldra þarna í gegn og getum fylgst með að þau sjái fréttirnar.
- Ný VALA er skemmtileg viðbót í foreldrasamvinnunni. Að geta sent tölvupósta á alla foreldra eða bara eina og eina deild er mjög þægilegt og sparar mikla vinnu í að búa til netfanga lista. En við bíðum þó enn eftir ansi mörgum atriðum sem enn á eftir að virkja eða laga.
- Ný heimasíða ? Nú bíðum við bara spennt eftir nýrri heimasíðu svo við getum gert betur á þeim vettvangi. En núverandi heimasíða er gömul, hæg og ekki notendavæn fyrir starfsmenn til að setja inn efni. Og þar sem myndir eru ekki á Facebook lengur, þá verðum við að hafa gott aðgengi fyrir foreldra hvað það varðar.
- TOM-verkefnið er viðbót við Okkar mál samstarfsverkefnið. TOM-verkefnið gengur út á að efla málumhverfi barna á leikskólunum Holti og Ösp í Fellahverfi, bæði á vettvangi leikskólanna og á heimilum barnanna. Sérfræðingur í þroska og hegðun barna, ásamt starfsfólki leikskólanna, mun beita gagnreyndum aðferðum í leikskólanum þar sem unnið er á einstaklingsgrunni og í hópi með það að markmiði að efla málþroska barnanna og styrkja málörvandi þætti. Sami ráðgjafi fer auk þess inn á heimili barnsins þar sem hann leiðbeinir foreldrum um sömu aðferðir og notaðar eru í leikskólanum. Samhliða veitir ráðgjafinn foreldrum stuðning og ráðgjöf um uppeldi eftir þörfum. Verkefnið felur í sér forvarnir og snemmtæka íhlutun þar sem markmiðið er að veita þjónustu eins fljótt og auðið er, styrkja verndandi þætti og koma í veg fyrir að alvarlegri málþroskavandi þróist. Íhlutunin stuðlar að því að barnið nái tökum á því að nota tungumál til samskipta. Það að ná góðum tökum á tungumáli til samskipta er mikilvæg forsenda velferðar hvers og eins.

## 12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Starfsdagar veturinn 2019-2020 :

  13.september – sveitasæla í Kjós, fundir og hópefli

  4.október - allir leikskólar í Breiðholti og Fellaskóli

  6.desember - sameiginlegur dagur með Ösp

  3.janúar - sameiginlegur dagur með Fellaskóla og Ösp

  16.mars - sameiginlegur dagur með Fellaskóla og Ösp

  8.maí - sameiginlegur dagur með Fellaskóla og Ösp

- Leikskóladagatal 2019-2020, fylgiskjal 5

# 13 Fylgigögn

13.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

13.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

13.3 Fylgiskjal 3 – Okkar mál – markmið

13.4 Fylgiskjal 4 – Samstarfsáætlun

13.5 Fylgiskjal 5 – Leikskóladagatal 2019-2020

13.6 Fylgiskjal 6 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Holts

30.08.19

Leikskólastjóri Dagsetning

Leikskólinn Holt
Völvufelli 7 – 9
111 Reykjavík

# Fylgiskjal 1

## Samantekt um sérkennslu/stuðning

| Vísbending | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|---|---|---|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum? | 1 | |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum | 7 | |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | 11 | |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum? | 4 | |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum? | já | |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum? | já | |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk) | Já | |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun? | Já | |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning? | Já | |
| Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma? | Já | |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra? | Já | |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir? | Já | Ef já þá hvaða aðrar stofnanir |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans? | Já | |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna? | já | |

**Niðurstöður innra mats**

| Umbótaþættir Sérkennsla | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að stuðningsaðili geri sjálfur einstaklingsnámskrá fyrir barn | Kenna stuðningsaðila að búa til námskrá | Haust 2019 | sérkennslustjóri | Vor 2019 | Einstaklingsáætlun gerð af stuðningsaðila |

## Fylgiskjal 2

**Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

| Vísbending | Já eða nei | Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi |
|---|---|---|
| Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi | | |
| | Já | Með því að tala við börnin á íslensku í leikskólanum og hvetja foreldra til að tala við börnin sín á sínu tungumáli. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða) | Já | Með því að setja orð á flesta hluti í kringum barnið og fá barnið til að tjá sig með orðum/setningu. Dæmi: má ég fá brauð með osti. |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? | Já | Með því að nota: hliðartal (lýsing á því hvað barnið er að gera), sjálftal (lýsing á því sem við erum að gera), víkkun (bætt er við orð og setningar barnsins eftir aldri og getu). |
| Er fylgst með framförum barnanna? | Já | Það er gert bæði í málörvunarstundum og með því að greina/prófa börn með prófunum Efi-2, Hljóm-2 og málþroskaprófi. |

**Niðurstöður innra mats**

| Umbótaþættir Annað móðurm. en ísl | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Tom verkefni. Umsjón með verkefninu og tengiliður leikskólans. | Halda utan um þau börn sem taka þátt í verkefninu. Samskipti við alla þá aðila sem koma að verkefninu. | Haust 2019. | Verkefnastjóri í málörvun. | | Að foreldrar geti nýtt sér sérsniðna ráðgjöf tengda málþroska inn á heimilið. |

## Fylgiskjal 3

## Okkar mál, talmeinafræðingar – markmið

Okkar mál
Samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi

### Ösp og Holt
### Vetur - vor 2019



Fyrsta vika í skólanum **1 – 11 jan. 2019** upprifjun á:

Orðaforða og hugtökum

Sagnir/setningar > segja frá jólum og áramótum

Nýársorð – þrettándinn, álfar, álfadrottingar, púkar, brenna, sót, stjörnuljós og fl.

NÝ VERKEFNI TAKA SVO VIÐ SEM BYGGJA Á FYRRI GRUNNI

Hugtök og ýmsir málfræðitengdir þættir **verða tekin 3. viku í hverju þema** ☺

Yngsta deild heldur áfram með hljóðin, einfaldar orð í þemum en áfram áhersla á að fylgja litlu málörvunarspjöldunum ☺

- Áfram talþjálfun á miðvikudögum og fimmtudögum (Elva, Bryndís og Tinna) BG bætir við nokkrum dögum í talþjálfun
- Fleiri nemendur í talþjálfun á þessari önn og/eða hljóða-málörvunarhóp
- BG og TS vinna á miðvikudögum í skólunum í *Okkar máls verkefni ýmist fyrir eða eftir hádegi*
- Málörvunarhópar áfram daglega í skólunum 1- 2 sinnum
- **Stærðfræði:** studst við verkefnabækurnar Reikningur 3- 4ára, 4- 5 ára og 5- 6 ára. Deildir velja úr verkefni við hæfi í samráði við sérkennslu- verkefnisstjóra
- Samráð - samstarf við fagfólk skóla og foreldra
- Foreldrafundir > athuga frekari aðkomu með foreldrum, fræðsla -heimasíðuefni o.s.frv.

Okkar mál

### Markmið og áætlun Ösp og Holt 14. jan- 1. feb.2019




**ORÐAFORÐAÞEMU, BÓKSTAFUR OG MÁLHLJÓÐ/HLJÓÐKERFISVITUND/STÆRÐFRÆÐI**

**14. jan- 25. jan**

- Allt um mig (spilakassi Super duper: All about me) Nemendur draga eitt spjald og svara um leið og þeir segja fullt nafn, afmælisdaginn sinn og hvar þeir eiga heima. Smám saman bæta við heiti foreldra, systkina, afi og amma. ***Áfram út önnina – halda þessu við!***
- ***Tengja:** orðaforða er tengist mat, heilsu, hreyfingu (ég og líkaminn), veikindi, bakteríur og fl. Sjá bókina Líkaminn og fl. bækur*
- ***Orðtak: Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni- elstu nemendur***



- Þ hljóðaþema
- Stærðfræði: Reikningur 3- 4 ára, 4- 5 ára, 5- 6 ára
- Vinna efnistök í gegnum málörvunarhópa, listasmiðjur, söng og hreyfingu (liggja á gólfi og teikna sig á pappír, teikna útlínur handar/fingra, klippa út, mála húsið sitt, sig og fjölskylduna o.s.frv.)
